



MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 2. tbl. 42. árg. maí 2014
ábm. Birgir Bjarnason

Lífspekifélag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík, sími 551 7520

Einkunnarorð sumarsamverunnar eru:
Skrefið frá þekkingu til iðkunar.

Tim Boyd, hinn nýkjörni alþjóðaforseti Lífspekifélagsins

Tim Boyd fæddist 22. október 1953 í New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hann stundaði nám við Brown háskólann í Providence, Rhode Island og er með BA gráðu frá háskólanum í Chicago. Hann gekk í Lífspekifélagið 1974. Hann hefur verið forseti Lífspekifélagsins í Ameríku og aðalritstjóri Quest tímaritsins. Hann hefur verið forseti ráðs stjórnenda Þjónustureglu Lífspekifélagsins og hann hefur haldið fyrirlestra og stjórnað námskeiðum í Bandaríkjunum, Mið- og Suður-Ameríku, Evrópu, Asíu og Nýja-Sjálandi; greinar eftir hann hafa verið birtar í lífspekítímaritum víða um heim.

Hann er stofnandi andlegs samfélags sem var starfrækt í Chicago í yfir 25 ár, og vann að málum vandræðaunglinga. Aðild hans að þjónustureglu félagsins og Chusul munaðar-leysingjahælinu í Tíbet kom honum í kynni við Dalai Lama sem leiddi til þess að Lífspekifélag Bandaríkjanna stóð að tveggja daga heimsókn Dalai Lama til Chicago í júlí 2011 sem tíuþúsund manns sóttu.

Eftirfarandi eru nokkur brot úr grein hans í Quest-tímaritinu 2013.

„Fyrir nokkru kom upp í huga minn af hverju við höldum áfram að gera sömu mistökin aftur og aftur og hvenær við munum læra af þeim. Eins og við á um marga hluti eru það ekki svörin sem hafa gildi heldur að kanna með opnum huga hvað felst í slíkum spurningum.

Þegar Buddha flutti fyrsta boðskap sinn eftir uppljómunina var fyrsta hinna fjögurra göfugu sanninda, sannleikurinn um þjáninguna. Það var tjáning þeirrar



staðreyndar, að lífinu í líkama með sínum tilfinningum og hugsunum fylgir þjáning af ýmsu tagi. Hann sagði, að það hvernig við reynum að losna við þjáninguna væri ekki aðeins án árangurs heldur mundi það auka hana. Þekking á hinna fornu visku getur veitt okkur einhverja vísbendingu um hvernig nálgast megi þetta vandamál. Ég hef kynnst fólki sem býr í stórborgum og hefur aldrei farið svo mikið sem niður í bæ. Ég hef líka kynnst fólki sem ferðast hefur vítt og breitt um heiminn, en hefur aldrei kynnst eða talað við alla þá sem styðja við lúxuslíferni þeirra. Í lífi okkar, bæði hið innra og ytra, reynum við oft að komast hjá því að gefa okkur að kringumstæðum. Við látum okkur fremur nægja að búa við þau þægindi sem við þekkjum heldur en að hætta okkur út í hið óþekkt. Vonargeislinn okkar felst í einni staðreynd. Þegar okkur er ljóst, að sú þjáning sem við upplifum og afleiðingar hennar hafa náð of langt, finnst okkur við hafa fengið alveg nóg. Með orðum Fannie Lou Hamer: „Allt mitt líf hef ég verið veik og þreytt, en núna er ég orðin þreytt á því að vera veik og þreytt.“ Óþægindin neyða okkur til að finna betri leið. Þegar endanlega rennur upp fyrir okkur ljós förum við að leita leiða til að bæta okkur. Það er þá sem við við finnum hljómgrunn með viskufræðunum og förum að kynnast dýpri veruleika hið innra. Fyrst finnum við tíma til að nálgast þau og síðan að sökkva okkur niður í það „svið“ sem Rumi lýsti sem „handan hugmynda um rétt og rangt.“ Smám saman komum við okkur upp „nýju normi“, ástandi sem ekki hefur í för með sér árekstra eða samkeppni til að finnast við vera lifandi. Þetta er möguleiki sem okkur er opinn hvenær sem er. Á kyrrum stundum, þegar við erum ein með sjálfum okkur, getur þetta opnast fyrir okkur.“

Sumarsamvera Lífspekifélagsins

á Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði, dagana 26. til 29. júní 2014

Verð	einn í herbergi	tveir í herbergi
1 sólarhringur	15.200 kr.	25.800 kr. (12.900 pr. mann)
3 daga dvöl	38.700 kr. (12.900 á dag)	65.790 kr. (10.965 pr.mann á dag)
Fyrir þá sem vilja:		
5 daga dvöl	58.050	90.000

Í þáttökugjaldinu felst gisting, fullt fæði, aðgangur að líkamsræktarsal og baðhúsinu Kjarnalundi með inni og útisundlaug, heitum pottum, nuddpotti, víxlböðum, sauna og vatnsgufubaði. Einnig eru reiðhjól til boða. Fæðið er grænmetisfæði.

Ekkert skólagjald verður að þessu sinni.

Vinsamlegast tilkynnið þáttöku sem allra fyrst eða fyrir 10. júní.

Tilgreinið hvernig gistingu þið viljið. Þeir sem ekki gista geta keypt stakar máltíðir. Strætisvagnar nr. 51 og 52 ganga frá Mjódd til Hveragerðis. Sjá nánar á heimasíðu straeto.is

Tilkynnið þáttöku í eftirfarandi síma eða netfang:

554 2957 / 695 8955 halldorharalds@gmail.com Halldór Haraldsson

Dagskrá:

Fimmtudagur 26. júní

17:00 Slökun
19:30 Erindi: Hugleiðingar um Bhagavad Gita,
Jón E Benediktsson
21:00 Kvöldhressing
21:30 Frjálst efni frá félögum

Föstudagur 27. júní

8:00 Hugleiðing
11:00 Ganga
14:00 Umræður um einkunnarorð samverunar
17:00 Slökun
19:30 Erindi: Meira um Sri Vidya og tilraunir
með tæknilegar hugleiðingar, Haraldur
Erlendsson

21:00 Kvöldhressing
21:30 Píanótónleikar: Halldór Haraldsson

Laugardagur 28. júní

8:00 Hugleiðing
11:00 Ganga
14:00 Halldór Haraldsson: Þankar um
fræðsluerindin í apríl. Umræður
17:00 Slökun
19:30 Erindi: Birgir Bjarnason: Gjörningaerindi
21:30 Frjálst efni frá félögum

Sunnudagur 29. júní

8:00 Hugleiðing
11:00 Ganga
12:00 Samveru slitið

Matmálstímar:

9:00-10:00 morgunverður,
11:45-12:45 hádegisverður,
15:00-16:00 kaffi,
18:15-19:15 kvöldmatur.

**Félagar eru hvattir til að koma með efni tvö
kvöld í dagskrárliði kl. 21:30.**